

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Til : Finnbogi Kristjánsson
Frá : Eyjólfur Ingvi Bjarnason
CC : Thorhallur Hinriksson
Heiti : 1609021 - Sala eigna - Laugar í Sælingsdal - 1609021
Málsnúmer. : 1609021
Málsaðili : Dalabyggð
Skráð dags : 12.7.2018 18:38:21
Höfundur : Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Viðhengi

[image001.jpg](#)

[image002.jpg](#)



Frón fasteignasala Finnbogi Kristjánsson

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar fyrir í dag var eftirfarandi bókað:

Á 160. fundi sveitarstjórnar þann 17. apríl ákvað sveitarstjórn að slíta viðræðum við Arnarlón ehf. þar sem á gögnum sem fyrir fundinum lágu mátti greina að veðskuldabréf fyrir lokagreiðslu Arnarlóns væri tryggt með 3. veðrétti en ekki 1. eða 2. veðrétti eins og sveitarstjórn hefur krafist frá upphafi viðræðna milli aðila í desember 2017.

Arnarlón ehf. mótmælti þessari afgreiðslu þann 20. apríl sl. þar sem tilboðsgjafi hafi fallið frá öllum fyrirvörum innan þess frests sem samþykktur hafði verið.

Þann 13. maí leggur Arnarlón ehf. fram tillögu að lausn til þess að klára viðskiptin milli Arnarlóns ehf. og Dalabyggðar um Laugar í Sælingsdal og Sælingsdalstungu.

Tillaga Arnarlóns ehf. felur í sér að kaupverð fasteigna að Laugum ásamt lóðarréttinum, jörðin Laugar (50%) ásamt sumarhúsalóðum og skólalóðin ásamt jarðhitaréttinum og hitaveitu séu 405 milljónir króna. Við undirritun kaupsamnings verði greiddar 205 milljónir, með reiðufé og útgreiðslu láns Byggðastofnunnar á 1. veðrétti. Eftirstöðvar 200 milljónir verði annars vegar greiddar í lok árs 2019, krónur 50 milljónir og með veðskuldabréfi að upphæð 150 milljónir á 2. veðrétti með gjalddaga í lok árs 2022.

Eins er farið framá kauprétt á hluta af jörðinni Sælingsdalstungu til loka árs 2028 fyrir 55 milljónir. Kauprétturinn felur í sér að Dalabyggð geri landskipti á jörðinni fyrir neðan Tungumúla og hið selda land er "neðri hluti" Sælingsdalstungu um 370 ha að stærð.

Á 161. fundi sveitarstjórnar 24. maí sl. taldi sveitarstjórn tillögu Arnarlóns ehf. frá 13. maí sl. með viðbótum frá 18. maí ágætlega til þess fallna að ljúka sölunni og þar með renna stoðum undir uppbyggingu íþróttamannvirkja við Auðarskóla eins og stefnt hefur verið að. Í ljósi umræðu í samfélaginu og á samfélagsmiðlum og nýfenginna undirskrifta var afgreiðslu málsins vísað til nýrrar sveitarstjórnar.

Á 162. fundi sveitarstjórnar 14. júní sl. var afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

Til máls tóku: Einar og Skúli.

Skúli Hreinn kom með tillögu.

Sveitarsjórn telur tillögu Arnarlóns ehf. vera nýtt tilboð í eignir að Laugum og Sælingsdalstungu en síðasta sveitarstjórn sleit viðræðum um fyrra tilboð á fundi 17 apríl sl. Í ljósi undirskrifta sem afhentar voru sveitarstjórn 24. maí s.l. þar sem 213 íbúar sveitarfélagsins mótmæla því að Dalabyggð veiti seljendalán hafnar sveitarstjórn tillögu Arnarlóns ehf.

Einar Jón kom með frávísunartillögu á tillögu Skúla.
Frávísunartillaga felld með 5 atkvæðum (SHS, SHG, RP, EIB, ÞJS)

Tillaga Skúla Hreins lögð fram.
Atkvæðin féllu þannig 5 samþykktu en tveir voru á móti (EJG, PJ)

Einar kom með eftirfarandi bókun:

Við undirritaðir lýsum eindrægni andstöðu og miklum vonbrigðum með ákvörðun meirihluta sveitarstjórnar Dalabyggðar að slíta viðræðum við Arnarlón ehf. um sölu á Laugum og hluta Sælingsdalstungu. Með þessari ákvörðun er verið að taka gríðarlega áhættu með mikil verðmæti sem geta mótað framtíðarmöguleika Dalabyggðar um ókomin ár.
Einar Jón Geirsson og Pálmi Jóhannsson.

Þetta tilkynnist hér með,

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Oddviti Sveitarstjórnar Dalabyggðar
GSM / Mobile: +354 8620384
Netfang / email: oddviti@dalir.is
www.dalir.is



Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.
Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake